

12
25. jan.

L Ö G

um augnlækningaferðir.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landinu skal skipt í 3 umferðasvæði fyrir augnlækna, sem hér segir:

1. Suður- og Vesturland frá Skeiðarársandi að Horni.
2. Norðurland frá Horni að Langanesi.
3. Austurland frá Langanesi að Skeiðarársandi.

2. gr.

Ráðherra semur við augnlækna um augnlækningaferðir og setur þeim reglur til að ferðast og starfa eftir.

Þegar því verður við komið, skal fela einum augnlækni að ferðast um hvert svæði, og ef unnt er, þeim augnlækni, sem búsettur er innan svæðisins.

3. gr.

Verja má fé til styrktar augnlækningaferðum eftir því sem fjárlög heimila á hverjum tíma, og á árinu 1934 fé því, sem veitt er í fjárlögum þess árs, í 12. gr. 5., a., b. og c.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaltuborg, 25. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.